

## 080/00 - M.b. Birgir RE-323

Birgir RE-323, strandar fyrir utan Grindavík

### M.b. Birgir RE-323

Skipaskr.nr.: 2005

Smíðaður: í Noregi 1989 úr trefjaplasti

Stærð: 11,97 brl; 13,70 bt

Lengd: 10,50 m Breidd: 4,04 m Dýpt: 1,50 m

Vél: Isuzu 118,00 kW Ágerð: 1989

Annað:

Földi skipverja: 3



Birgir ©Hafþór Hreiðarsson

### Atvikalýsing

Hinn 23. júlí 2000 fór m.b. Birgir RE-323 í róður frá Grindavík. Veður: hægviðri.

Siglt var á miðin við Eldeyjarboða og verið þar við veiðar. Veiðum lauk að kvöldi 25. júlí og var þá siglt af stað til hafnar í Grindavík. Veður var þá hægviðri og mikil þoka og skyggní lítið. Sigldur hraði bátsins á leið til hafnar var um 8 sml. Siglt var eftir GPS og ratsjá. Þegar nálgaðist innsiglinguna til Grindavíkur var hraðinn minnkaður niður undir 2 sml og stuðst við upplýsingar úr GPS-tæki þar sem ratsjármýnd var ekki fullkomlega rétt að mati skipstjóra.

Siglt var eftir innsiglingarennunni samkvæmt upplýsingum úr GPS-tæki og var skyggní mjög takmarkað eða aðeins nokkrir metrar. Sigldi báturinn fram hjá ytri staurnum sem markar innsiglingaleiðina að vestanverðu án þess að skipverjar sæju staurinn. Báturinn strandaði svo að vestanverðu í siglingarennunni á milli stauranna tveggja sem marka rennuna að vestanverðu.

Tilkynnt var um strandið til strandstöðvar og óskað eftir aðstoð til að draga bátinn á flot Kom björgunarbáturinn í Grindavík skömmu síðar og dró bátinn á flot og inn til Grindavíkur. Litlar sem engar skemmdir urðu á bátnum.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjórinn hefur ekki réttindi til skipstjórnar en hefur verið við útgerð smábáta í 40-50 ár.

### Nefndarálit

Nefndin vill benda á að GPS-siglingatæki eru ekki nógú áreiðanleg til að nota við siglingu á þróngum leiðum eins og inn til Grindavíkur eða innan skerja.